

Gas, sprengiefni, olíur, skoteldar

Í grein 117 í byggingarreglugerð nr. 441/1998 segir:

- “117.1 Jafnan skal leita umsagnar Brunamálastofnunar, Hollustuverndar ríkisins¹ og heilbrigðisnefndar um byggingu olíu- og bensínstöðva og birgðastöðva fyrir eldsneyti og er umbúnaður háður samþykki þessara aðila.
- 117.2 Birgðageymslur fyrir gas, sprengiefni, olíu, bensín o.þ.h. vörur eru ávallt háðar samþykki Brunamálastofnunar, Hollustuverndar ríkisins¹ og Siglingastofnunar Íslands sbr. reglur um varnir gegn olíumengun sjávar við olíubirgðastöðvar og reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi”

Viðmiðun:

Eldfimir vökvar:

- Reglugerð nr. 188/1990 um eldfima vökva.
- Reglur um brunavarnir á bensínstöðvum, okt. 1993.
- Reglugerð nr. 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.
- Reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun nr. 785/1999.

F- gas:

- Reglugerð nr. 196/1990 um forðageymslur fyrir F- gas.
- Reglur um uppsetningu og frágang F- gas búnaðar í atvinnuhúsnæði.
- Uppsetning á F- gas búnaði fyrir heimili, sumarbúastaði, húsvagna og húsbíla.

Sprengiefni:

- Lög nr. 16/1998 um skotvopn, sprengiefni og skotelda.
- Reglugerð nr. 684/1999 um sprengiefni.
- Reglugerð nr. 787/1998 um skotvopn, skotfæri og fl.
- Reglur um húsnæði fyrir verslun með skotelda, Leiðbeiningablað 108.1.BR2.

¹ Nú Umhverfisstofnun